

Eins og málið liggur fyrir dóminum og samkvæmt því sem að framan er rakið um málalíbúnað meðalgöngustefnenda þykir rétt að taka til greina kröfu aðila máls þessa um vísun meðalgöngusakar Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar frá dóminum.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni kr. 8.800,00 í málskostnað og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen kr. 4.400,00 hvoru í málskostnað.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

#### D ó m s o r ð:

Vísað er frá dómi meðalgöngusök Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar í máli þessu.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson greiði stefnanda Hafliða Guðjónssyni kr. 8.800,00 í málskostnað og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen kr. 4.400,00 hvoru í málskostnað.

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 85/1986. **Ólafur Kristján Guðmundsson**  
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)  
gegn  
**Grími h/f**  
og  
**Samábyrgð Íslands á fiskiskipum**  
**til réttargæslu**  
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur utan samninga. Ábyrgð útgerðarmanns.  
Örorka. Mat. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Sigurður Línal.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars

1986. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi, Grímur h/f, verði dæmdur til að greiða honum 1.425.650,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 3. september 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 26. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og verði vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 3. september 1983. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, Gríms h/f, þar með talin málflutningslaun í héraði, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál, og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda, Gríms h/f, eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefnda og hann gerir engar kröfur á hendur áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur á örorkutjóni áfrýjanda, dagsettur 3. mars 1987, gerður af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, skattframtal áfrýjanda árið 1986 og vottorð bæjarfógetans á Ísafirði um lögskráningu áfrýjanda.

## I.

Í máli þessu reisir áfrýjandi skaðabótakröfu sína hvorki á því að slysið verði rakið til bilunar á togvindu bátsins Bryndísar, ÍS-705, né til óforsvaranlegra vinnuaðstæðna um borð.

Rök áfrýjanda fyrir bótaskyldu stefnda, Gríms h/f, eru í fyrsta lagi þau, að leiðbeiningum og verkstjórn skipstjórans á bátnum hafi verið áfátt; í öðru lagi að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við hífingu toghleranna með því að setja togvinduna aftur í gang eftir að hún hafi verið stöðvuð án þess að gera áfrýjanda áður viðvart.

Um fyrri röksemd áfrýjanda, að leiðbeiningum og verkstjórn skipstjóra hafi verið áfátt, er þetta leitt í ljós:

Áfrýjandi hafði talsverða sjómannsreynslu. Í þinghaldi 18. desember 1984 greindi hann frá því að hann hefði stundað sjómennsku í 15 mánuði, en m/b Bryndís hefði verið fyrsti bátur með skutdrætti sem hann hefði verið skipverji á. Samkvæmt vottorði

bæjarfógetans á Ísafirði var áfrýjandi skráður á skipshafnarskrá m/b Bryndísar þannig: 23. júní - 24. júlí 1982; 29. júlí - 16. ágúst 1982 og 1. - 6. september 1982.

Við sjópróf 6. september 1982 sagði skipstjórinn, Finnbogi Jónason, að hann hefði verið í brúnni þegar slysið varð en ekki séð greinilega hvernig það bar að. Við framhaldssjópróf 22. desember 1982 kvaðst skipstjórinn hafa getað fylgst með áfrýjanda við störf hans frá þeim stað sem hann stjórnaði togvindunni, hann hafi „getað fylgst vel með Ólafi við starf hans við toggálgann.“ Slysið hafi orðið „áður en hífingu var lokið og hafi Ólafur átt að vera í biðstöðu meðan á hífingu stóð.“ Skipstjóri tók einnig fram „að hann hafi ekki séð greinilega hvernig atburðurinn skeði, vegna þess að Ólafur hafi snúið hliðinni að mætta (skipstjórnum) og átt að vera í biðstöðu og hafi athygli mætta því ekki beinst sérstaklega að Ólafi meðan á hífingunni stóð.“

Í þinghaldi 18. desember 1984 taldi skipstjóri „ekki hafa verið þörf neinna sérstakra fyrirmæla þegar ljóst var að hlerarnir hafi komið snúnir upp. Menn hafi átt að vita hvað gera skyldi.“ Og síðan bætti hann því við „að við eðlilegar aðstæður hefði stefnandi Ólafur átt að bíða miðað við það hvernig hífingu var komið, þ.e. hlerarnir voru ekki komnir nægilega mikið upp úr sjó.“ Aðspurður kvað skipstjóri „að hífing hleranna hafi kallað á athygli sína alla.“

Um síðari röksemd áfrýjanda að skipstjórinn hafi að hífingu lokinni skyndilega og án viðvörunnar sett togvinduna í gang aftur og það valdið slysinu, er þetta leitt í ljós:

Í sjóprófum hjá bæjarfógeta á Ísafirði 6. og 15. september 1982 kom fyrir dóm auk skipstjóra og áfrýjanda bróðir hins síðarnefnda, Jón Guðmann Guðmundsson vélstjóri. Enginn þessara manna minntist á það atriði sem hér um ræðir.

Í skýrslu áfrýjanda, sem hann gaf að eigin ósk hjá lögreglu á Ísafirði 18. október 1982, lýsti hann aðdraganda slyssins á þann veg að Finnbogi skipstjóri hefði lokið hífingu og stöðvað vinduna; vegna undiröldu hefðu vírarnir sem liggja í hlerana tvisvar sinnum dregist nokkuð út af spilinu; skipstjórinn hefði híft hlerana alveg upp í blökkina, en þeir viljað síga niður. Skipstjórinn hefði nú stöðvað vinduna og áfrýjandi ætlað að setja gilsinn í bakborðshlerann, en runnið til, borið fyrir sig vinstri hönd í fallinu og hún lent á segul-

nagla og splæsi. Um leið og hann hefði dottið hefði skipstjórinn sett vinduna af stað, vinstri hönd festst við segulnagla og splæsið og dregist upp í gegnum blökkina með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

Við framhaldssjópróf það, sem fram fór hjá bæjarfógeta á Ísafirði 22. desember 1982, bar bróðir áfrýjanda, Jón Guðmann Guðmundsson, á þann veg, að skipstjórinn hafi „hífað aftur í vírana í þann mund, er Ólafur greip í vírinn“. Í sama þinghaldi bar skipstjórinn, að hífingu hafi ekki verið lokið, þegar slysið varð, og vírarnir því á hreyfingu. Þetta áréttaði skipstjórinn í bæjarþingi Ísafjarðar 18. desember 1984, en bætti þessu við: „Mætti kveður utanaðkomandi aðstæður geta valdið hreyfingu á stjórnborðsvírum við hífingu og einnig það að hann hélt í við bakborðshlera og gaf eftir. Mætti segir að vegna þess hvernig staðið var að hífingu stjórnborðshlera geti stjórnborðsvírarnir hafa runnið út.“

Þess er enn fremur að geta að Sigurjón Hallgrímsson fulltrúi siglingamálastofnunar ríkisins á Ísafirði segir í bréfi til stofnunarinnar 27. nóvember 1982: „Möguleikar eru yfirleitt góðir til að fylgjast með mönnum við vinnu á dekki mb. Bryndísar, nema ef maður stendur í skoti, sem myndast aftast stb. megin við skutrennu þá sést ekki vel hvað maður sá aðhefst, vegna þess að niðurgangur í rækju-móttöku skyggir á manninn frá brúnni séð.

Miðað við byggingu skipsins, þ.e. staðsetningu áðurnefnds niðurgangs, tel ég að möguleikar stjórnanda spils í brú m/b Byndísar geti varla verið betri.“

## II.

Af framburði skipstjórans er ljóst að hann hefur getað fylgst með áfrýjanda við starf hans. Það kemur heim og saman við ummæli Jóns Guðmanns Guðmundssonar, bróður áfrýjanda við sjópróf 22. desember 1982 og framangreint bréf Sigurjóns Hallgrímssonar.

Skipstjórinn hefur á hinn bóginn tekið fram að athygli sín hafi ekki beinst sérstaklega að áfrýjanda.

Eins og skipstjórinn lýsir hífingunni og vindunni má ætla að stjórnborðshlerinn, sem áfrýjandi átti að krækja gilsinum í, hafi ekki haldist stöðugur þótt hann væri kominn upp í gálga.

Áfrýjandi hafði starfað tæplega tvo mánuði um borð í m/b

Bryndísi og að eigin sögn ekki fyrr verið á báti með skutdrætti. Hann hefur því ekki verið alls kostar vanur aðstæðum eins og voru um borð í m/b Bryndísi, þrátt fyrir talsverða sjómannsreynslu. Skipstjórinn hefur borið það að áfrýjandi hafi ekki fengið sérstök fyrirmæli um framkvæmd verksins og er svo að sjá sem hann hafi átt að meta það sjálfur, hvenær óhætt væri að krækja í hlerann.

Þá kröfu mátti gera til skipstjórans að hann fylgdist með vinnubrögðum áfrýjanda, ekki síst við þær sérstöku aðstæður að togvírar höfðu snúist saman þannig að báðir hlerarnir komu upp stjórnborðsmegin.

Samkvæmt þessu verður að telja að við þær aðstæður sem voru hafi á skort að skipstjórinn fylgdist nægilega með starfi áfrýjanda og gæfi honum fyrirmæli um hvenær óhætt væri að krækja gilsinum í hlerann. Slysið má þannig rekja til ófullnægjandi verkstjórnar sem meta ber skipstjóra til gáleysis. Fyrir því er útgerð skipsins ábyrg samkvæmt 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sem var í gildi á slysdegi, sbr. nú 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Það var á hinn bóginn óvarlegt af áfrýjanda að reyna að krækja gilsinum í hlerann án þess að fullvissa sig um það áður að hlerinn héldist stöðugur við gálgann og þá eftir atvikum að bíða fyrirmæla skipstjórans. Þykir hann því einnig eiga sök á tjóni sínu. Þykir hæfilegt að hann beri sjálfur helming tjónsins en stefndi bæti honum það að hálfu.

### III.

Eftir slysið var áfrýjandi fluttur í sjúkrahúsið á Ísafirði þar sem gert var að meiðslum hans.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku áfrýjanda af völdum slyssins. Í matinu 30. apríl 1983 er gerð grein fyrir gögnum þeim sem læknirinn byggir á, en fram kemur að áfrýjandi kom ekki til hans til viðtals og skoðunar.

Í örorkumatinu segir meðal annars:

„Fyrir liggur vottorð Einars Hjaltasonar yfirlæknis Ísafirði, dags. 23.02.83 þar sem gefin er sjúkdómsgreiningin:

„Amputatio traumatica dig II, III, V man. sin. Fract. metacarp. V. manu sin.“

Þá liggur fyrir annað vottorð sama læknis dags. 28.10.82 og fer það hér á eftir orðrétt:

„Ofangreindur maður kom hingað á sjúkrahúsið þann 3/9 '82 kl. 18:30 eftir slys á sjó.

Hann skýrir svo frá slysinu: Verið var að draga inn trollið þegar hann festist með vi. hendi í vír og fór hendin í gegnum blökkina. Fékk strax mikla verki. Telur að slysið hafi orðið um kl. 15:00. Þar sem að greinilegt var að um alvarlegt handarslys var að ræða var farið með hann strax í land.

Við komu hingað á sjúkrahúsið var sj. með töluvert mikla verki í vi. hendi, en bar sig samt mjög vel. Við skoðun á vi. hendi kemur eftirfarandi í ljós:

Hendin er öll mjög bólgin. Miklir áverkar á fingrum sem eru eftirfarandi:

- I. finger: Bólginn yfir grunnlið, engin sár.
- II. finger: Höggvinn af um Dip-lið. Fremsta kjúkan hangir í flexorsininni sem er mjög teygð. Húðin farin af miðphalanx og réttisinin slitin.
- III. finger: Höggvinn af um Pip-lið. Fremsta og miðkjúka hanga á teygðri flexorsin. Engin tilfinning í afhöggna hluta fingursins.
- IV. finger: Húðin tætt lófamegin. Ekki að sjá áverka á rétti- eða beygisinum. Erfitt að meta tilfinningu.
- V. finger: Tættur fremst, nöglin farin af. Ca. 1 cm af beini fremstu kjúku er bert.

Tekin er röntgenmynd af vi. hendi og sýnir hún að af vísifingri er fremsti phalanx frárifinn. Á löngutöng eru 2 fremstu phalanx frárifnir. Auk þessa sést brot á V. miðhandarbeini og eru brotendarnir færðir frá hvor öðrum.

*Meðferð:* Skömmu eftir komu hingað á sjúkrahúsið var ákveðið að gera aðgerð. Var hún gerð á eftirfarandi hátt:

- I. finger: Ekkert þurfti að gera.
- II. finger: Taka þurfti mið- og fremstu kjúku. Auk þess var caput tekið af nærkjúkunni og húðin saumuð yfir.
- III. finger: Samskonar aðgerð og á II. fingri.
- IV. finger: Tætt húð saumuð saman.

- V. finger: Tekin ca. 1 cm. framan af fremstu kjúku og húðin dregin yfir og saumuð saman. Vegna brots á metacarpus V þar sem brotendar eru langt frá hvor öðrum var gerð aðgerð og sett lítill vír í beinið til að halda beinendunum rétt saman.

Sj. dvaldi hér á sjúkrahúsinu fram að 15/9. Í byrjun þurfti hann töluvert mikið af verkjalyfjum vegna verkja og hann fékk einnig sýklalyf til að koma í veg fyrir sýkingu í hendinni. Skipt var á sárunum reglulega og virtust þau hafast vel við og ekki kom nein ígerð. Saumar voru teknir á 10. degi og voru þá sárin á II. III. og V. gróin. Sárin á IV. fingri voru ekki alveg gróin og þurfti að hafa umbúðir á þeim dálítið lengur. Vegna brotsins á metacarpus V var ekki hægt að hefja hreyfiæfingar fyrr en að vírpinninn sem sat í beininu var tekinn, en það var gert 3ur vikum eftir aðgerð. Eins og áður segir hófust hreyfiæfingar fyrir vi. hendi hér á sjúkrahúsinu 3ur vikum eftir aðgerð og hefur sj. komið hingað alla virka daga síðan. Hendin var til að byrja með mjög bólgin og stirð en smám saman hefur bólgan horfið. Nokkuð vel hefur gengið að fá hreyfingu í stúfana á II. og III. fingri en erfiðlega hefur gengið með IV. og V. finger.

Rétt er að það komi fram að sj. sleit beygisin á IV. fingri á unglingsárum. Var fyrir ári síðan í aðgerð hjá Árna Björnssyni, þar sem reynt var að gera við fingurinn. Ekki tókst aðgerðin sem skyldi og var meiningin að sj. kæmi aftur til Árna Björnssonar nú í haust og stóð þá jafnvel til að gera nýja aðgerð.

Ólafur er hér enn í æfingum. Mun halda áfram í æfingum þar til hann fer til Árna Björnssonar í skoðun í byrjun nóvember.

Við skoðun þann 26/10 var hreyfigeta í fingrum eins og skráð er á meðfylgjandi blaði. Kraftur í hendinni er mikið minnkaður miðað við heilbrigðu hendina þó nær Ólafur gripi á milli þumalfingurs og baugfingurs og nær rétt með þumalfingri á toppinn á litlafingri. Því miður höfum við engan kraftmæli hér, þannig að við getum ekki mælt styrk í hendinni.

Vegna þessa alvarlega handaráverka verður Ólafur að breyta sínum framtíðaráformum, en hann hafði hugsað sér að leggja fyrir sig sjómennsku. Hver starfshæfni hans verður verður ekki metin nú og verður vart gert fyrr en að hálfu ári liðnu.“

Þá liggur fyrir vottorð Árna Björnssonar, lýtaskurðlæknis við Landsspítalann í Reykjavík, dags. 27.01.83, svohljóðandi:

„Ólafur Kristján Guðmundsson, fæddur 05-02-62 til heimilis að Heiðarvegi 7 á Ísafirði, hefur tvívegis vistast á lýtalækningadeild Landsspítalans. Hið fyrra sinni frá 29-01-81 til 02-02-81. Hið síðara sinni frá 14-12-82 til 16-12-82. Í fyrra sinnið var hann lagður inn vegna afleiðinga af áverka á vi. hendi í barnæsku en þær voru að hann mun þá hafa skorið í sundur beygisinar að fingrinum og ekki getað beygt hann upp frá því.

Að ósk sjúkl. var gerð aðgerð á fingrinum til að reyna hvort hægt væri að fá hreyfingu í hann þó líkur á árangri væru fyrirfram taldar litlar sökum þess hve langt var liðið frá frumáverkanum. Gerður var sinaflutningur í baugfingur vi. handar og gekk aðgerðin eðlil. en við skoðun hinn 10-11-81 var ljóst að árangur af aðgerðinni hafði ekki verið annar heldur en sá að hann gat aðeins beygt fingurinn í mið og fremsta köggli en langt var frá því að um viðunandi hreyfingu væri að ræða.

Hinn 03-09-82 varð hann fyrir slysi úti á sjó að sögn þannig, að hann festist með vinstri hendi í vír og hún fór í gegnum blökk. Fékk hann við þetta mikinn áverka á hendina, sem er þannig lýst af lækni sem tók við honum á sjúkrahúsinu á Ísafirði...

Slasaði dvaldi á sjúkrahúsinu á Ísafirði til 11.09. og í framhaldi af vistinni fékk hann hreyfingameðferð á hendina, sem var stirð og bólgin og var erfitt að fá hreyfingu í þá fingur sem eftir voru. Sjúkl. var síðan lagður inn á lýtalækningadeild Landsspítalans að nýju hinn 14.12.82 og var þar gerð stytting á IV. og V. fingri vinstri handar sökum þess að þeir voru það bognir að þeir reyndust eingöngu vera til бага fyrir sjúkl. Sjúkl. útskrifaðist hinn 16-12-82 og var þá ekki hægt að meta árangur af aðgerðinni. Ljóst er þó að um verulega bæklun er að ræða og verður. Ekki er ólíklegt að bæklun sú sem sjúkl. hafði fyrir á baugfingri handarinnar hafi átt einhvern þátt í því að hann festist í togvírnum þó erfitt sé að fullyrða um slíkt. Þá er ekki heldur tímabært að meta endanlega örorku slasaða.“

Enn liggur fyrir vottorð Einars Hjaltasonar yfirlæknis Ísafirði, dags. 18.04.83, og fer það hér á eftir orðrétt:

„Það er rétt að læknismedferð á ofangreindum manni er að mestu lokið. Hins vegar má ætla að styrkur hinnar slösuðu handar muni



eitthvað aukast á næstu mánuðum. Einnig má ætla að hreyfing fingra verði eitthvað betri, þó að ekki muni hreyfingin aukast margar gráður frá því sem nú er.

Á næstu mánuðum mun Ólafur einnig venjast að nota sína hendi og læra að beita henni.

Að öðru leyti hef ég ekki mikið við fyrra vottorð og vottorð Árna Björnssonar að bæta. Vona að þið getið metið endanlega örorku ofangreinds með hjálp þeirra gagna sem þið hafið fengið:

Slasaði kom ekki til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum og er því einungis stuðst við þau gögn, sem fyrir liggja í máli þessu, þ.e. tilkynningu um slys og vottorð lækna Einar Hjaltonar, yfirlæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Árna Björnssonar, lýtaskurðlæknis Reykjavík.

### *Ályktun.*

Það er um að ræða rúmlega 21 árs gamlan sjómann, sem hinn 03.09.82 slasaðist mikið á vi. hendi sinni, er hann lenti með hendina í togrúllu þar sem hann var að störfum um borð í vélskipinu Bryndísi ÍS 705. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í F.S.Í., þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem hann var vistaður um sinn. Eftir það var slasaði í æfingameðferð við F.S.Í., og enn síðar var hann til meðferðar hjá Árna Björnssyni lýtaskurðlækni Reykjavík.

Alveg óvinnufær telst slasaði hafa verið frá slysdegi 03.09.82 til hins 23.02.83 og fær hann greidda slysadagpeninga frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þetta tímabil.

Eftir það var starfsgeta verulega skert í þrjá mánuði og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Í nefndu slysi varð slasaði fyrir því, að missa tvær kjúkur af vísifingri vi. handar, tvær kjúkur af löngutöng og u.þ.b. eina kjúku af IV. og V. fingri handarinnar. Þumalfinger er óskaddaður.

Hreyfingar eru nú sæmilegar í grunnliðum II. til V. fingurs en þó hvergi nærri fullkomnar. Nokkurt grip er á millum þumalfinger og stúfanna á vísifingri og löngutöng vi. handar, en mun lakara er gripið á millum stúfsins á baugfingri og þumalfinger og nálega ekkert á millum stúfsins á litlafingri og þumalfinger vi. handar.

Kuldi og dofi sækja á fingurstúfana og þeir virðast vera allaumir, ef slasaði rekur þá í eitthvað, einkum stúfurinn á litlafingri vi.

handar. Kraftar eru greinilega minnkaðir í vi. hendi, en kunna að verða eitthvað meiri er frá líður. Þó er hér um að ræða það mikla sköddun á hendinni, að hún verður aldrei til mikilla átaka. Gamalt meiðsli var í baugfingri vi. handar, og virðist þar um einhverja skyntruflun að ræða. Ekki kemur fram annað en að stúfar líti vel út, og verður að ganga út frá því að svo sé. Skynpróf kemur ekki fram í hendinni, en trúlega er hér um eðlilegt skyn að ræða a.ö.l. en því er að ofan greinir.

Hugsanlegt er að öll kurl séu enn ekki komin til grafar vegna þess slyss, sem hér er nú til örorkumats. Kann því síðar að verða nauðsynlegt að endurmeta örorku slasaða í ljósi nýrra einkenna.

Slasaði er aðeins rúmlega tvítugur að aldri og hugðist hann leggja stund á sjómennsku. Hér sýnist nú um það að ræða, að ekki geti orðið að því nema um farmennsku sé að ræða og alls ekki verður slasaði fær um að vinna erfiðisvinnu til sjós, að því að best verður séð nú.

Þó ekki sé nú lengra frá liðið að áður nefnt slys átti sér stað þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

|                                 |                          |
|---------------------------------|--------------------------|
| Frá slysdegi talið í sex mánuði | 100%                     |
| eftir það í þrjá mánuði         | 50%                      |
| varanlega                       | 25% (tuttugu og fimm %)“ |

#### IV.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur 5 sinnum reiknað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda af völdum slyssins. Eru álitssgerðir hans dagsettar 17. maí 1983, 21. júní 1984 og 23. nóvember sama ár, 14. nóvember 1985 og 3. mars 1987. Í öllum aðalatriðum er sá munur einn á álitssgerðunum, að byggt er hverju sinni á nýjum upplýsingum um laun og meðaltekjur í þjóðfélaginu. Þá eru í tveimur fyrstu álitssgerðunum sýndir nokkrir valkostir um höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps og þá reiknað út frá mismunandi vöxtum. Í fyrstu álitssgerðinni var niðurstaða tryggingafræðingsins sú, að vegna varanlegrar örorku væri tapið frá 480.700,00 krónum miðað við 13% ársvexti til 1.109.100,00 króna miðað við 5% vexti. Í síðustu álitssgerðinni, sem dagsett er 3. mars 1987, segir:

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Ólafs voru tekjur hans næstu árin fyrir slysið sem hér segir í nýkrónum:

|           | Launa-<br>tekjur | Hreinar tekjur<br>af landbúnaði | Alls   |
|-----------|------------------|---------------------------------|--------|
| Árið 1979 |                  | 15.709                          | 15.709 |
| “ 1980    |                  | 25.152                          | 25.152 |
| “ 1981    | 67.155           | -                               | 67.155 |

Yfirlitið ber með sér, að Ólafur var bóndi til 1980, en hóf að stunda launavinnu árið 1981. Laun árið 1981 virðast vera að nokkru leyti fyrir sjómennsku og Ólafur var á sjó þegar slysið skeði árið 1982.

Ég áætla tekjur framvegis þannig: Frá og með 26. aldursári miða ég við áætlaðar meðaltekjur sjómanna samkvæmt úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunar. Á 25. aldursári geng ég út frá 90% framan- greindra tekna, 80% á 24. aldursári, 70% á 23. ári og 60% á 22. og 21. ári.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekju- tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundradshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

|                      | Áætlaðar<br>tekjur | Tekju-<br>tap |
|----------------------|--------------------|---------------|
| 1. árið eftir slysið | 214.400            | 138.800       |
| 2. “ “ “             | 275.600            | 68.900        |
| 3. “ “ “             | 383.300            | 95.800        |
| 4. “ “ “             | 596.400            | 149.100       |
| 5. “ “ “             | 782.100            | 195.500       |
| Síðan árlega         | 825.900            | 206.500       |

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 110.800,-  
 - varanlegrar - kr. 1.755.400,-  
 Samtals kr. 1.866.200,-

Ef miðað er við föst laun í fiskvinnu með 10 eftirvinnustundum á viku á 22. aldursári og meðaltekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna frá 26. aldursári verður höfuðstólsverðmæti sem næst 1.433.000,- kr.

Höfuðstólsandvirði slysalauna og slysabóta, sbr. bréf yðar dags. 20. júní 1984, reiknast mér nema á slysdegi:

|                                     |     |         |
|-------------------------------------|-----|---------|
| Slysalaun frá vinnuveitanda         | kr. | 53.000  |
| Bætur frá Samábyrgð Íslands         | “   | 79.500  |
| Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins | “   | 99.500  |
|                                     |     | <hr/>   |
|                                     | kr. | 232.000 |

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 3. mars 1987 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands (34% frá slysdegi til 31/10 '82, 42% frá 1/11 '82 til 20/9 '83, 35% frá 21/9 til 20/10 '83, 32% frá 21/10 til 20/11 '83, 27% frá 21/11 til 20/12 '83, 21,5% frá 21/12 '83 til 20/1 '84, 15% frá 21/1 til 12/8 '84, 17% frá 13/8 til 31/12 '84, 24% frá 1/1 til 10/5 '85, 22% frá 11/5 '85 til 28/2 '86, 12% frá 1/3 til 31/3 '86, 9% frá 1/4 '86 til 20/1 '87, 10% frá 21/1 til 20/2 '87 og 11% frá 21/2 '87). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

Byggir áfrýjandi kröfur sínar fyrir Hæstarétti á þessum síðasta útreikningi og sundurliðar þær þannig:

„1. Örorkutjón skv. útreikningi Jóns E. Þorlákssonar, dags. 3. mars 1987:

|                                                                 |     |              |
|-----------------------------------------------------------------|-----|--------------|
| Tjón v. tímabundinnar örorku                                    | kr. | 110.800,00   |
| Tjón v. varanlegrar örorku                                      | “   | 1.755.400,00 |
|                                                                 |     | <hr/>        |
| Fjárhagslegt tjón m/v slysdag                                   | kr. | 1.866.200,00 |
| Til frádráttar greiðslur til áfrýjanda m/v verðmæti á slysdegi: |     |              |
| Slysalaun frá stefnda                                           | kr. | 53.000,00    |

slysatr.bætur frá réttargæslu-  
stefnda

“ 79.500,00

Bætur frá Tryggst. rík.

“ 99.500,00

Samtals kr. 232.000,00 kr. 232.000,00

Óbætt fjárhagslegt tjón

kr. 1.634.200,00

Frádráttur v. skattfrelsisbóta

og eingreiðsluhagræðis:

(Reiknað 25%)

kr. 408.550,00

kr. 1.225.650,00

2. Miskabætur

kr. 200.000,00

Samtals kr. 1.425.650,00“

## V.

Í mati Björns Önundarsonar læknis er gerð grein fyrir gögnum þeim sem það er byggt á. Hann kom einnig fyrir héraðsdóm og gaf skýringar á niðurstöðu matsins. Kom þar m.a. fram að sköddun sú sem áfrýjandi hafði á vinstri hendi fyrir slysið væri ekki tekin inn í matið. Í vottorðum Einars Hjaltasonar er lýsing á meiðslum áfrýjanda og aðgerð þeirri sem gerð var í sjúkrahúsinu á Ísafirði svo og líðan hans eftir þá aðgerð. Þá er í vottorði Árna Björnssonar læknis gerð grein fyrir áverka þeim sem áfrýjandi hafði á vinstri hendi frá barnæsku svo og aðgerð þeirri sem gerð var á hendinni í desember 1982. Þykir eins og hér stendur á mega leggja örorkumat Björns Önundarsonar til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Þegar litið er til álitsgerða Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, greiðslna þeirra sem áfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og hagræðis af skattfrelsi bóta sem þessara og eingreiðslu þykir fjártjón áfrýjanda hæfilega metið 1.230.000,00 krónur.

Að framan er lýst áverka þeim sem áfrýjandi hlaut við slysið, aðgerðum þeim sem hann gekkst undir og varanlegum lýtum og óþægindum. Þykir miski hans hæfilega metinn 150.000,00 krónur.

Samkvæmt þessu verða bætur þær sem stefnda verður gert að greiða áfrýjanda þessar:

Vegna fjártjóns helmingur af 1.230.000,00 krónum eða 615.000,00 krónur að frádregnum greiðslum frá stefnda og réttargæslustefnda,

132.500,00 krónur, eða 482.500,00 krónur. Miskabætur verða helmingur af 150.000,00 krónum eða 75.000,00 krónur.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða áfrýjanda 557.500,00 krónur með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði, samtals 72.900,00 krónur, er renni í ríkissjóð. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 115.000,00 krónur.

### D ó m s o r ð :

Stefndi, Grímur h/f, greiði áfrýjanda, Ólafi Kristjáni Guðmundssyni, 557.500,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 3. september 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 26. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. júní 1985.

Stefndi greiði áfrýjanda 72.900,00 krónur í málskostnað í héraði er renni í ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 115.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og  
Magnúsar Þ. Torfasonar.**

Í skýrslum þeim, er bæjarfógetinn á Ísafirði tók af áfrýjanda og bróður hans Jóni Guðmanni Guðmundssyni svo og Finnboga Jóns-

syni skipstjóra 6. og 15. september 1982, töldu þeir allir að slysið hefði atvikast með þeim hætti að áfrýjandi hefði hrasað þegar hann ætlaði að krækja gilskróknum í stjórnborðshlerann og við það gripið í togvírinn. Enginn þeirra minntist þá á að hífingu hefði verið lokið er þetta gerðist eða að skipstjórinn hefði sett togvinduna af stað aftur án þess að aðvara áfrýjanda. Var það fyrst í skýrslu fyrir lögreglu 18. október 1982 að áfrýjandi lýsti atvikum á þennan hátt og hinn 22. desember 1982 við framhaldssjópróf að Jón Guðmann greindi frá því að „skipstjórinn hafi hífað aftur í vírana í þann mund er Ólafur greip í vírinn.“ Skipstjórinn hefur hins vegar haldið fast við það, bæði við framhaldssjóprófið og í dómsskýrslu sinni í máli þessu, að hífingu hafi ekki verið lokið er slysið gerðist og áfrýjandi hafi átt að vera í biðstöðu.

Þegar þetta er virt þykir ekki vera komin fram sönnun fyrir því að slysið hafi orðið með öðrum hætti en þeim að áfrýjandi hafi hrasað og gripið um vírinn er hann ætlaði að krækja í hlerann áður en hífingu var að fullu lokið. Áfrýjandi hafði öðlast þá reynslu í starfi um borð á m/b Bryndísi að honum mátti vera ljóst að hann stóð með þessu óvarlega að verki. Verður það ekki virt skipstjórann til sakar, eins og hér stóð á, að hann hafi ekki fylgst nægilega með áfrýjanda í umrætt sinn eða brýnt sérstaklega fyrir honum að krækja ekki í hlerann fyrr en hífingunni væri lokið. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að slysið hafi hlotist fyrir ónóga aðgæslu áfrýjanda sjálfs samfara óhappatilviljun sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Verður því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda í málinu en eftir atvikum er rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Við föllumst á atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað í héraði.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. desember 1985.**

#### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóvember sl., hefur Ólafur Kristján Guðmundsson, nnr. 6758-4538, Hlíðarvegi 7, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 25. júní 1984 á hendur Grími hf., nnr. 2753-2144, Ísafirði, og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda Grími hf. verði gert að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.434.875,00 með 34% árs-

vöxtum af kr. 1.434.875,00 frá 3. september 1982 til 1. nóvember s.á., en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 26. júní 1984, en með dómvöxtum af kr. 1.434.875,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 3. september 1983 og síðan árlega á sama degi til að markmiði laga nr. 56/1979 um hæstu innlánsvexti af dómskuldum verði náð.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 22. mars 1984.

Af hálfu stefnda Gríms hf. eru gerðar þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess að skaðabætur til stefnanda verði lækkaðar verulega vegna eigin sakar stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefnda, en tekið er fram að réttargæslustefndi styðji kröfur og málflutning af hálfu stefnda Gríms hf.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

Stefnandi kveður málavexti og málsástæður sínar vera þessar:

Stefnandi, sem sé fæddur 5. febrúar 1962, hafi verið skipverji á m.b. Bryndísi ÍS-705, 29 lesta stálbát með skutdrætti í eigu stefnda. Stefnandi hafi hafið sjómennsku þann 16. júní 1981, en hafi verið skamman tíma um borð í m.b. Bryndísi er hann slasaðist. Slysíð hafi orðið með þeim hætti að föstudaginn 3. september 1982 hafi stefnandi ásamt öðrum verið á veiðum á Bryndísi ÍS-705, þar sem skipið var statt 6 mílur út af Rit. Stefnandi hafi staðið stjórnborðsmegin aftan til við gálga meðan verið var að hífa inn trollið. Finnbogi Jónasson skipstjóri hafi verið í brúnni og stjórnað þaðan hífingu trollsins. Guðmann Guðmundsson hafi staðið bakborðsmegin gegnt stefnanda. Toghlerarnir hafi verið flæktir saman þegar þeir komu upp. Finnbogi hafi verið búinn að ljúka hífingu og hafði stöðvað spilið. Hlutverk stefnanda hafi verið að koma gilsinum á bakborðshlerann, þannig að greiða mætti sundur hlerana. Nokkur undiralda hafi verið sem hafi haft í för með sér að hlerarnir og trollið höfðu tvisvar dregist nokkuð af spilinu, þ.e.a.s. vírarnir sem liggja í hlerana. Finnbogi hafi híft hlerana



aftur alveg upp í blökkina, en þeir hafi viljað síga niður. Þegar Finnbogi hafði stöðvað spilið og stefnandi hugðist setja gilsinn á bakborðshlerann hafi hann runnið til. Um leið og hann datt hafi hann borið fyrir sig vinstri höndina sem lenti á segulnagla og splæsi þar við. Um leið og stefnandi féll hafi Finnbogi sett spilið af stað, þannig að vírarnir hafi dregist upp í blökkina á gálганum. Vinstri hönd stefnanda hafi fest við segulnaglann og splæsið og dregist upp í gegnum blökkina. Segulnaglinn sé annars vegar festur í toghlerann en hins vegar splæstur við togvírinn. Höndin hafi kramist þarna í blökkinni, en hún hafi ekki lent undir vírnum. Einnig hafi snúist mikið upp á höndina er hún fór þarna í gegn.

Eftir að höndin festist hafi Finnbogi orðið að bakka spilinu, þannig að höndin losnaði. Stefnandi hafi þá farið fram á lestarlúguna. Þar hafi komið Þráinn Artúrssón honum til hjálpar, en hann hafi verið að koma út á dekkið. Þráinn hafi gripið um úlnið stefnanda og reynt að stöðva blæðinguna, en stefnandi hafi áður tekið af sér vettlinginn, en við það kom í ljós að vísifingur og baugfingur voru lausir frá hendinni, en hingu aðeins á taugum. Litli fingur og baugfingur hafi kramist mikið við slysið og hafi komið nokkuð mikil sár á þá báða. Á litla fingri hafi fremsti liðurinn kramist það mikið, að orðið hafi að fjarlægja fremstu kjúkuna.

Slysið hafi átt sér stað um kl. 15:30, en stefnandi hafi verið kominn á sjúkrahúsið á Ísafirði um kl. 19:00. Þar hafi stefnandi dvalið til 14. september. Við myndatöku hafi komið í ljós að bein í handarbaki hafði brotnað. Teinn hafi verið settur frá hnúa í gegnum beinið og upp í úlnið. Þá hafi stefnandi einnig hlotið nokkra minni háttar áverka á höndina.

Stefnandi telur, að atvik að slysinu hafi verið þannig að stefndi beri fulla ábyrgð á tjóni stefnanda. Þannig telji stefnandi að skipstjórinn hafi sýnt mjög alvarlegt aðgæsluleysi er hann hífði í vírinn stjórnbórðsmegin þrátt fyrir það að hann hafi vitað að stefnandi þyrfti að vinna við vírinn, enda verkið unnið undir stjórn skipstjóra. Sérstaka aðgæslu hafi þurft að sýna við verk það sem skipstjórinn hafði falið stefnanda, og hafi skipstjóra borið að aðvara stefnanda áður en hann hífði í vírinn, einkum þar sem skipstjóri hafi haft litla möguleika á að fylgjast með athöfnum stefnanda vegna þess að niðurgangur í stýrisvélarhús hafi skyggt á þann stað stjórnbórðsmegin sem stefnandi var á. Skipstjóra hafi ennfremur borið að sýna sérstaka aðgæslu við verk þetta þar sem stefnandi hafði verið fremur lítið til sjós, var ungur að aldri og hafði aðeins verið skamman tíma um borð í Bryndisi og því óvanur hreyfingum bátsins, en undiralda hafi verið er slysið varð.

Hafi skipstjóri viðurkennt að hafa ekki verið að fylgjast sérstaklega með stefnanda er slysið varð. Slysið verði því alfarið rakið til stórkostlegs gáleysis skipstjórans.

Stefnandi hafi hlotið veruleg örkuml vegna slyssins. Hann hafi misst

framan af fjórum fingrum og brotnað á handarbeinum. Að áliti trygginga-  
yfirlæknis sé hann talinn hafa orðið fyrir eftirfarandi örorku vegna slyssins:

Frá slysdegi í 6 mánuði 100%  
eftir það í 3 mánuði 50%  
varanleg örorka 25%.

Stefnandi hafi verið 20 ára er hann hlaut hin alvarlegu örkuml. Hann  
sé ókvæntur. Lýti þau sem af slysinu leiði séu veruleg, svo og þjáningar  
og annar miski. Stefnandi hafi verið ákveðinn í að leggja fyrir sig sjó-  
mennsku, en verði að líkindum að leggja þeim áformum fyrir róða vegna  
slyssins.

Tryggingafræðingur hafi reiknað út fjárhagslegt tjón stefnanda vegna  
slyssins og byggist stefnukrafan á þeim útreikningi, svo og miskabótakröfu  
og kröfu vegna útlagðs kostnaðar.

Stefnukrafan sé þó hærri en ofangreind atriði leiði beinlínis til, og sé það  
gagnert gert til að unnt sé að koma inn nýjum tjónsútreikningi ef það  
leiddi til hækkunar krafna.

Stefnukrafan sé krafa um skaðabætur fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt  
tjón auk útlagðs kostnaðar. Um fjárhagslegt tjón sé byggt á útreikningi Jóns  
Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Í útreikningi hans séu dregnar frá  
þegar greiddar fjárhæðir. Stefnukrafan byggji á því, að stefnanda væri  
mögulegt að ávaxta bótaféð um 6% á ári, en það sé samræmi við fordæmi  
Hæstaréttar.

Beri stefndi ábyrgð á þessu samkvæmt reglunni um húsbóndaábyrgð.

Sú aðferð að telja fjárhagsleg tjón miðast við læknisfræðilega örorku  
byggist á venju og eðli máls.

Krafa um miskabætur styðjist við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga  
nr. 19/1940.

Málskostnaðarkrafa byggist á 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936 og 184. gr.  
s.l. Veitt hafi verið gjafsóknarleyfi í málinu skv. XI kafla 1. nr. 85/1936 með  
því skilyrði að málskostnaðar sé krafist með venjulegum hætti svo sem gert  
sé.

Málið sé rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á grundvelli 1.mgr. 81. gr.  
1.nr. 85/1936.

Sundurliðun á kröfum stefnanda er svofelld:

|                                 |                  |
|---------------------------------|------------------|
| Tjón vegna tímabundinnar örorku | kr. 110.800,00   |
| Tjón vegna varanlegrar örorku   | kr. 1.188.100,00 |
| Samtals                         | kr. 1.298.900,00 |

Hér að ofan sé miðað við meðal-  
tekjur kvæntra sjómanna skv.

úrtaksathugun Þjóðhagsstofnunar.

Frá dragist greiðslur til stefnanda vegna slyssins, en þær fjárhæðir hafi verið færðar til raunverulegs verðmætis á slysdegi.

Frá vinnuveitanda-slysalaun kr. 53.900,00

Frá Samábyrgð Íslands á fiskskipum —bætur— kr. 79.500,00

Frá Tryggingastofnun ríkisins —bætur— kr. 99.500,00 ÷ kr. 232.000,00

Óbætt ófjárhagslegt tjón kr. 1.066.900,00

Hækkun vegna mögulegrar hækkunar á tjónsútreikningi kr. 167.975,00

Miskabætur (þjáningar, lýti, sársauki og röskun á stöðu og högum) kr. 200.000,00

Samtals: kr. 1.434.875,00

Stefnandi byggir kröfur sínar um skaðabætur úr hendi stefnda á 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963, enda telji stefnandi að sú háttsemi skipstjóra í starfi, sem áður sé lýst og talin orsök slyssins, sé brýnt brot á almennu skaðabótareglunni, en í tilviki því, sem hér um ræði, beri að beita ströngu sakarmati.

Stefndi styður kröfur sínar eftirfarandi atriðum: Mótmælt sé þeim sjónarmiðum stefnanda að byggja skaðabótakröfuna á 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og að telja skipstjórann Finnboga Jónasson eiga sök á slysinu. Ekki sé fullkomin vissa um atvik að slysinu. Þó sé ljóst að stefnandi hafi gripið með vinstri hendi um vírinn, þegar verið var að hífa hann inn, með þeim afleiðingum að höndin klemmdist í blökkinni. Gögn málsins bendi til þess, að stefnandi hafi ætlað að húkka gilsinum í annan toghlerann en hrasað um leið. Hafi hann gripið um vírinn með hendinni til að taka af sér fallið. Svo virðist sem þetta hafi gerst áður en hífingu var lokið. Stefnandi haldi því þó fram að þetta hafi gerst þegar skipstjórinn hífði í vírinn eftir að hann hafði sigið niður aftur vegna þess að bremsur á spilinu hafi ekki haldið nægilega vel við.

Ekki verði talið í málinu að skipstjóri hafi sýnt aðgæsluleysi við verkstjórn og hífingu spilsins. Hann hafi stjórnað spilinu úr brúnni og hafi haft þaðan næga yfirsýn yfir dekkið þar sem unnið var. Niðurgangur í stýrisvélarhúsi hafi e.t.v. að einhverju leyti skyggt á stað þann þar sem stefnandi stóð þegar slysið varð, en hins vegar hafi verið nægilegt rými fyrir stefnanda

hinum megin við niðurganginn, þar sem hann hefði átt að standa meðan á hífingu stóð, enda hefði hann þá hæglega getað fylgst með hvenær hífingu lauk.

Staðreyndin sé sú að engum verði um slysið kennt öðrum en stefnanda sjálfum. Toghlerarnir hafi komið flæktir saman úr sjó eins og alltaf gerist öðru hverju á togveiðum. Athafnir skipstjórans hafi miðað að því að hífa í stjórnbörðshlerann og slaka bakborðshleranum jafnóðum. Þetta hafi þurft að gera stig af stigi og hafi athygli skipstjórans við hífinguna auðvitað verið öll við vírana og hlerana. Það sé algjört grundvallaratriði að skipverjar komi ekki nálægt vírunum við hífinguna og hafi stefnandi vitað það mætavel. Hann hafi átt að biða þar til hífingu var að fullu lokið og setja þá gilsinn á stjórnbörðshlerann. Svo sé að sjá sem hann hafi ekki gert þetta, heldur haft uppi tilburði til þessa of snemma.

Hvernig sem á málið sé litið sé illskiljanlegt hvers vegna stefnandi hafi ekki kippt strax að sér hendinni eftir að hún kom á vírinn. Eina skýringin, sem stefndi hafi á þessu, sé sú að þar hafi átt hlut að máli galli á hendi stefnanda frá því er hann lenti í slysi á unglingsárum. Muni þá hafa slitnað taugar í hendinni, og hafi skipstjórinn reyndar veitt því athygli, að svo virtist sem höndin væri „sambandslítill“, þ.e. að öll viðbrögð handarinnar við ytri áhrifum væru mjög sein.

Hvað sem öllu þessu líði sé ljóst að stefnandi hafi sýnt af sér mikið gáleysi með því að reyna að eiga við hlerana í þeirri stöðu sem þeir voru. Hann hafi ekki átt að koma nærri, nema stjórnbörðshleri væri kominn alveg upp í blökk. Í þessu sambandi gildi raunar einu hvort hlerinn hafi verið á leið upp við upphafshífingu eða hafi sigið niður aftur.

Dómkrofur stefnanda séu byggðar á „læknisfræðilegu“ örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis á dskj. nr. 11. Mat þetta hafi læknirinn gert án þess að hafa nokkurn tíma séð eða rætt við stefnanda. Virðist sönnunargildi þess því litið. Þá sé véfengt að mat þetta sé réttur mælikvarði á raunverulega tekjuskerðingu stefnanda í framtíðinni. Telji stefndi að þrátt fyrir meiðsli sín muni stefnandi verða fær um að vinna fulla vinnu við margháttuð störf til sjós og lands.

Ekki séu gerðar athugasemdir við örorkutjónsútreikninginn sjálfan, en eftirtöldum atriðum varðandi stefnufjárhæð sé mótmælt:

1. Mótmælt sé kröfulið um hækkun vegna mögulegrar hækkunar á tjónsútreikningi.

2. Draga beri frá útreiknuðu örorkutjóni vegna skattfrelsisbóta og eingreiðsluhagræðis, svo sem dómvenja sé um. Af hálfu stefnda sé talið að þessi frádráttur eigi að nema a.m.k. 35%, enda sé ljóst að stefnandi hafi dágóðar tekjur og því líklegt að hagræðið af skattfrelsi bótanna sé mikið.

3. Miskabótafjárhæð sé mótmælt sem of hárrí. Sé krafist mun hærri miskabóta en dómafordæmi séu um.

4. Verði niðurstaða dómsins sú að stefndi eigi að greiða hluta af tjóni stefnanda, en hann sjálfur að bera hluta, þá sé þess krafist að launagreiðslur frá stefnda eftir slys og bætur úr slysatryggingu hjá réttargæslustefnda komi til frádráttar kröfu stefnanda á hendur stefnda eftir að búið sé að draga frá vegna eigin sakar stefnanda sbr. dómafordæmi.

### III.

Í skýrslu stefnanda á dskj. nr. 16 heldur hann því fram að vinstri hönd hans hafi fest í segulnagla og splæsi, en í skýrslu hans á dskj. nr. 47 er hann spurður nánar út í þetta atriði og kveðst hann þá ekki minnst þess að höndin hafi fest í neinu. Engu að síður dregst höndin upp með togvírnum gegnum blökkina. Má því telja líklegt, að atvik hafi verið þau, að stefnandi hafi gripið um togvírinn eða segulnaglan þegar hann hrasaði.

Af skjölum málsins kemur fram að verkinu var hagað þannig að skipstjóri stjórnaði hífingu úr stýrishúsi, en stefnandi átti að fylgjast með og greiða úr flækju á toghlerunum eftir þörfum þegar hífingu lauk, en ekki fékk stefnandi um það sérstök fyrirmæli frá skipstjóra í hvert sinn.

Stefnandi var þannig staðsettur við verk sitt að niðurgangur í stýrisvélarúm skyggði að einhverju leyti á útsýni skipstjóra til hans.

Ljóst er að slys það, er stefnandi varð fyrir, hefði ekki getað orðið ef toghlerarnir hefðu verið endanlega komnir upp í gálgann, þar sem ekki hefði þá verið unnt að toga vírinn hærra upp, en hins vegar er upplýst að algengt var að toghlerarnir sigu niður aftur í togvírnum, þegar þeir voru komnir upp í gálga og þurfti þá að hífa í þá aftur, jafnvel í tví- eða þrígang. Kemur ekki annað fram af málsskjölum en að stefnanda hafi verið um þetta kunnugt, sbr. framburð hans á dskj. nr. 16. Bar honum því að sýna sérstaka aðgát þegar hann hófst handa við að krækja gilsinum í toghlerann, enda mátti honum vera ljóst að útsýni skipstjóra til hans var, eins og að framan greinir, takmarkað.

Ósannað er að stefnandi hafi mátt ætla að hífingu væri lokið þegar slysið varð, en ljóst er að endanlegri hífingu var ekki lokið í raun. Ekki hefur verið sýnt fram á að skipstjórinn hafi, miðað við aðstæður, sýnt af sér slíkt gáleysi að leggja beri sök á hann, heldur verður slysið rakið til aðgæsluleysis stefnanda og óhappatilviks sem engum verður um kennt.

Upplýst er að stefnandi hafði stundað sjómennsku í u.þ.b. 15 mánuði og þar af hafði hann verið u.þ.b. 2½ mánuð um borð í mb. Bryndísi og má því ætla að honum hafi verið staðhættir allir og vinnutilhögun ljós.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda kr. 72.930,00 greiðist úr ríkissjóði, þar

af renna kr. 50.000,00 til skipaðs talsmanns hans, Viðars Mús Matthíassonar hdl.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hrafnkeli Guðjónsyni kennara.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Grímur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda kr. 72.930,00 greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Viðars Mús Matthíassonar hdl., kr. 50.000,00.

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 154/1985. **Einar S. Svavarsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

**Vörubílstjórafélagi Suðurnesja**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

**og til réttargæslu**

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

Lögbann. Skaðabætur. Miski.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Arnljótur Björnsson og Sigurður Línal.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1985. Eru dómkröfur hans þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.250.000,00 krónur ásamt 42% ársvöxtum frá 7. desember 1982 til 4. mars 1983 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.